

Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Reykjavík 5. janúar 2018
UST201710-097/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029 -endurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Umhverfisskýrsla

Samgöngur

Í umhverfisskýrslu kemur fram að stefna varðandi samgöngur í dreifbýli sé sett fram í greinargerð og þar segir um vegi á verndarsvæðum og óbyggðum verði felldir sem best að landslagi og hóflega uppbyggðir. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vegir á verndarsvæðum og óbyggðum verði felldir sem best að landslagi. Varðandi það að kalla vegi hóflega upp byggða, þá bendir Umhverfisstofnun á að Vegagerðin byggir vegi skv. stöðlum þannig að annað hvort eru vegir uppbyggðir eða ekki. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll vegagerð á verndarsvæðum og óbyggðum svæðum takmarkist við nauðsynlegar framkvæmdir.

Valkostir um veg við Brautarholt

Umhverfisstofnun tekur undir mat á valkostum I og II er varða Skeiða- og Hrunamannaveg og þá breytingu sem valkostur I hefur í för með sér þegar að Skeiða- og Hrunamannavegur verði færður austur fyrir þéttbýlið í Brautarholti.

Uppgræðsla á verndarsvæðum

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu að leyfa ekki gróðursetningu við náttúruminjar, og að nýta innlendar tegundir á verndarsvæðum. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fella alla ræktun að landslagi á verndarsvæðum.

Virkjanakostir

Í umhverfisskýrslu kemur eftirfarandi fram um virkjanir: Virkjanakostir í biðflokki eru sýndir sem varúðarsvæði á uppdráttum; Urriðafossvirkjun, Hestvatnsvirkjun, Vörðufellsvirkjun, Holtavirkjun, Búrfellslundur og Stóru-Laxárvirkjun.

Virkjanakostir í verndarflokki er sýndur sem önnur náttúruvernd á uppdrætti sem er Kjalölduveita.

Virkjanakostur í orkunýtingarflokki er sýndur sem iðnaðarsvæði á uppdrætti sem er Hvammsvirkjun. Fyrirhuguð Hvammsvirkjun mun nýta fall Þjórsár neðan Búrfellsvirkjunar. Umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar hafa verið metin.

Stakar framkvæmdir

Í umhverfisskýrslu kemur fram að í aðalskipulagstillögunni er gerð stefnubreyting varðandi stakar framkvæmdir þar sem heimilaðar verða framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum eða óbyggðum svæðum án þess að breyta aðalskipulagi.


Meðal framkvæmda sem eru flokkaðar sem stakar framkvæmdir eru vindrafstöðvar, allt að 20 m háar. Umhverfisstofnun bendir á að, þegar spaðar myllunnar eru taldir með, eru slíkar vindmyllur um 30 m háar og það er sama hæð og á háspennumastri. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki rétt að meta umhverfisáhrif slíkra vindrafstöðva óveruleg þar sem sjónræn áhrif geta verið mikil, en það fer eftir staðhættum hverju sinni, hve mikil þau gætu orðið. Þess vegna þarf að meta áhrif svo hárra mannvirkja í hvert sinn og telur stofnunin að 20 m háar vindrafstöðvar ættu ekki að flokkast sem stakar framkvæmdir. Einnig bendir stofnunin á að ekki kemur fram hvert afl slíkra stöðva er, en í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu með 2 MW uppsett rafafli eða meira eru framkvæmdir sem eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Einnig bendir stofnunin á að stöðvar sem nýta vindaafli til raforkuframleiðslu með minna en 2 MW rafafli þarf að tilkynna til viðkomandi sveitarfélags.


Vindorka

Umhverfisstofnun bendir á varðandi áherslu á nýtingu vindorku, að landsskipulag leggur áherslu á að við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína, verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig bendir stofnunin á að varðandi vindorku er gagnlegt að líta til reynslu Dana en þar í landi eru sífellt fleiri andvígir því að staðsetja vindmyllur nærri byggð, og áhersla er frekar á að staðsetja þær fjarri byggð, s.s. á hafi úti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að skilgreina landslag og svæði þar sem síður er æskilegt að staðsetja vindmyllur, t.d. svæði með fagurt útsýni. Einnig þarf að hafa í huga möguleg áhrif á farleiðir fugla og einnig þarf að meta hátíðnihljóð og hávaða sem geta fylgt slíkum mannvirkjum. Æskilegt væri að vindmyllur væru staðsettar á svæðum sem nú þegar eru röskuð og einnig að myllur séu staðsettar fleiri saman en dreifðar.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur